

216/17

Fundur haldinn í héraðsráði þriðjudaginn 8. febrúar 2005 kl.13:30 á skrifstofu héraðsnefndar að Húnabraut 32 á Blönduósi. Mættir voru: Valgarður Hilmarsson, Jóhann Guðmundsson og Magnús B. Jónsson.

Dagskrá:

1. Sæborg
2. Héraðsskjalasafnið
3. Svæðisskipulagið
4. Textílsetrið
5. Uppgjör eldri skulda v/HAH.
6. Menningarsjóður héraðsnefndar.
7. Önnur mál.

1. Valgarður lagði fram minnisblað vegna reksturs Sæborgar. Ákveðið var að skoða þann möguleika að gera kynningarbækling um heimilið til að dreifa til aldraðra. Jafnframt var ákveðið leita leiða til aðhalds í rekstinum.
2. Farið var yfir rekstur héraðsskjalasafnsins samþykkt að fela framkvæmdastjóra athuga með ráðningu starfsmanns.
3. Farið var yfir stöðuna í svæðisskipulagsvinnunni og lagður fram útreikningur á uppgjöri við ráðgjafa. Fundur verður á næstu dögum í framkvæmdaráði til að fara yfir fram komnar athugasemdir.
4. Nefnd um stofnun "Textílseturs Íslands" hefur áhveðið að boða til stofnfundar 22. feb. n.k.
5. Valgarður greindi frá að Heilbrigðisráðuneytið hefði greitt 1.450.000.- upp í skuld ráðuneytisins vegna byggingar HAH (dómsmálið). Jafnframt að búið væri að greiða skuld héraðsnefndar við Framkvæmdasýslu ríkisins vegna sömu framkvæmda. Gerð hefur verið krafa um að ráðuneytið greiði eftirstöðvar að skuld þess við héraðsnefndina.
6. Menningarsjóður.
Samþykkt að auglýsa eftir umsóknum um styrk úr sjóðnum
7. Önnur mál
Þorvaldur G. Jónsson hefur gert tilboð í bækur í eigu Héraðsskjalasafnsins að fjárhæð kr. 40.000.- Samþykkt að taka tilboðinu.

Fjárhagsáætlun 2005 var yfirfarin og reikningslegar leiðréttingar gerðar í samræmi við ákvarðanir héraðsnefndarfundar.

Rætt var um framkomna hugmynd um sameiningu Félagsþjónustu A-Hún. og Héraðsnefndar A-Hún.

Fleira ekki fyrir tekið.
Fundir slitið 16:00.
